

Matorka ehf.
Stefanía Karlsdóttir / Dennis Espinoza
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 6. ágúst 2022
UST202202-182/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit þann 17.05.2022 – [Matorka i5, Grindavík]

Þann 17. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Matorku i5, að Hrauni við Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldra frávík er í farvegi og er unnið eftir tímasettri úrbótaáætlun sem gerir ráð fyrir hreinun á frárennsli stöðvarinnar hefjist eigi síðar en 31. desember 2022.

Umhverfisstofnun óskar eftir að fá senda *áætlun um meðferð úrgangs* í samræmi við gr. 3.10 í starfsleyfi.

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu. Snýr að skilum á niðurstöðum mælinga tvisvar á ári í samræmi við gr. 4.3 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. september 2022.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur